

Aðalfundur Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK haldinn í Friðarhúsinu, Njálsgötu 87, miðvikudaginn 30.janúar 2008, kl. 19.

Skýrsla formanns:

56. aðalfundur MFÍK.

Skráðar eru 163 konur í Menningar- og friðarsamtökin (voru 157 á síðasta aðalfundi).

Frá síðasta aðalfundi hafa tvær félagskonur látist, þær Margrét Sigbórsdóttir og Sigrid Österby. Við þökkum þeim samfyldina.

8 nýir félagar bættust á skrá félagsins frá því á síðasta aðalfundi.

Þær

Guðrún Lára Pálmadóttir

Íris Ellenberger

Kristín E. Benediktsdóttir

Laufey Jónsdóttir

Ólafía Ragnarsdóttir

Ragnhildur G. Guðmundsdóttir

Sabine Leskopf

og Veroníka S. K. Palaniandy (Ruby)

eru allar boðnar velkomnar í hópinn.

Starfsemi:

Lífleg starfsemi var hjá MFÍK á árinu.

Haldnir voru 9 formlegir stjórnarfundir milli aðalfunda (2007: 17/3, 3/5, 6/6, 30/8, 11/9, 2/10, 17/10, 21/11 og 9/1 2008. Það eykst að verkefni séu afgreidd í tölvupósti og til marks um það var aðeins einn formlegur undirbúningsfundur haldinn fyrir síðustu bókmenntakynningu.

Nokkrir opnir stjórnarfundur voru haldnir í Hildibrandshúsi og mættu m.a. Guðrún Þorgeirsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Sesselja Gunnarsdóttir og Svava Sveinbjörnsdóttir á þá, auk stjórnar.

5 fundir voru haldnir til að undirbúa 8.marsfund 2007 (23/1, 30/1, 5/2, 19/2, 5/3).

Og enn er búið er að senda út bréf til að bjóða samstarfsaðilum til undirbúnings 8.mars 2008. Verður fyrsti undirbúningsfundur haldinn 6.febrúar.

Haldnir voru 4 opnir félagsfundir: 27/4 fjáröflunarkvöldverður fyrir Friðarhús, 16/5 voru sýndar myndir og sagt frá Alþjóðlegri ráðstefna ALK í Venesúela í apríl, 25/9 Mæðrastyrksnefnd, 14/11 Íran, auk 8.marsfundar 2007, mótmælafundar í Austurbæ vegna Íraks 19.mars, kertafleytingar á Tjörninni 9.ágúst, bókmenntakynningar 15.des. og friðargöngu á Þorláksmessu.

Fundað var í: Friðarhúsi, Njálsgötu 87, í MÍR-sal, Hverfisgötu 105, Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur og heima hjá stjórn.

Helstu viðburðir:

Árlegur fundur á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti þann **8. mars** var haldinn í **Ráðhúsi Reykjavíkur** undir yfirskriftinni **“Virkjum kraft kvenna”**. Að venju átti MFÍK frumkvæði að fundinum. Á fundinum töluðu: Harpa Njáls, félagsfræðingur: Hvað þarf til að rétta hlut fátækra kvenna?, Eszter Tóth, í stjórn Samtaka kvenna af erlendum uppruna: Friður og jafnrétti á heimilum, Guðríður Ólafsdóttir, félagsmálafulltrúi Öryrkjabandalags Íslands: Jöfnun tækifæra, Gunnar Hersveinn, heimspekingur: Friðarmenning, María Kristjánsdóttir, leikstjóri: Frelsi til að vera fátækur, Pálína Björk Matthíasdóttir: Starf Grameen bankans í þágu fátækra kvenna, María S. Gunnarsdóttir, form. MFÍK: Jöfnuður - jafnrétti – jafnræði.

Halldóra Malín Pétursdóttir, leikkona sýndi atriði úr einleikum “Power of Love”.

Áshildur Haraldsdóttir, flautuleikari spilaði.

Guðrún Hannesdóttir, handhafi Ljóðstafs Jóns úr Vör 2007 las ljóð.

Ljósmyndir Hörpu Stefánsdóttur og Ármanns Hákonar Gunnarssonar frá Indlandi hengu uppi í salnum.

Kastað var upp skyggnimyndasýningu frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur: myndir úr lífi íslenskra kvenna.

Fundarstjóri var Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM. Alls tóku 18 aðilar, stéttarfélag og samtök þátt í fundinum. Fundurinn var mjög vel sóttur.

19.mars þegar fjögur ár voru liðin frá innrásinni í Írak, stóð MFÍK fyrir **mótmælafundi í Austurbæ**, ásamt Samtökum hernaðarandstæðinga og fleirum sem auglýstu fundinn sem **Bandalag hinna staðföstu stríðsandstæðinga**.

27.apríl Fjáröflunarkvöldverður í Friðarhúsi. Ragnhildur Kjeld og Ruby báru hita og þunga af glæsilegu kvöldi sem skilaði dagóðri upphæð í rekstur Friðarhúss. Sökum ótrúlega góðrar mætingar var ákveðið að fresta frásögn um Ráðstefnu ALK þar til seinna. Auglýsingar um aðra fjáröflunarkvöldverði í Friðarhúsi voru sendar á póstlista MFÍK og hafa félagar verið drjúgar að mæta, enda okkar hagar að rekstur Friðarhúss gangi sem best.

16.maí Alþjóðleg ráðstefna ALK í Caracas í Venesúela apríl 2007 – opinn félagsfundur. María S. Gunnarsdóttir sagði frá ráðstefnunni og sýndi myndir.

Árleg kertafleyting á Reykjavíkurtjörn var 9.ágúst.

Vetrarstarfið hófst með stjórnarfundum 30.ágúst í Hildibrandshúsi þar sem lagðar voru línur fyrir starf vetrarins.

25.sept. Mæðrastyrksnefnd - opinn félagsfundur. Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, form. Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur var gestur fundarins.

14.nóv. Íran – opinn félagsfundur. Alfífa Ketilsdóttir og Halla Gunnarsdóttir sýndu myndir og fleira frá Íran og sögðu frá kynnum sínum af landi og þjóð.

Árleg bókmenntakynning var haldin í MÍR-sal, laugardaginn 15.des. kl. 14. Úr nýjum bókum sínum lásu: Guðrún Hannesdóttir: Fléttur, Ingibjörg Haraldsdóttir: Veruleiki draumanna, Sigurlín Bjarney Gísladóttir: Fjallvegir í Reykjavík, Auður Ólafsdóttir: Afleggjarinn, Berglind Gunnarsdóttir: Tímavillt, Freyja Haraldsdóttir og Alma Guðmundsdóttir: Postulín og Halldóra Thoroddsen: Aukaverkanir. Ólöf P. Hraunfjörð kynnti Sykurmolann eftir Huldu Hraunfjörð Pétursdóttur, systur sína. Margrét Guðmundsdóttir var kynnrir á samkomunni. Anna Sigríður Hróðmarsdóttir hafði umsjón með hátíðarkaffi ásamt Guðrúnu Þorgeirsdóttur og Sigrúnu Gunnlaugsdóttur. Lea María Lemarquis sá um söluborð þar sem seld voru kort, eldspýtustokkar og fleira. Bókmenntakynningin var að venju ánægjuleg samkoma. Ágóði af kaffisölu var afhentur Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur.

MFÍK-konur voru áberandi í kertasölu í **friðargöngu á Þorláksmessu** 23.des. en Guðríður Sigurbjörnsdóttir var fulltrúi MFÍK í undirbúningi hópsins, sem kallar sig Friðarhreyfinguna, og sér um árlega kertafleytingu og friðargöngu á Þorláksmessu.

Það er orðin venja að byrja félagsfundir á kvöldverði, nýbreytni sem byrjað var á í október 2006. Hefur þetta mælst vel fyrir og gefur tækifæri til ánægjulegra samskipta milli félaga.

Útgáfa og umfjöllun um MFÍK:

Að venju varð nokkur fjölmiðlaumfjöllun um félagið í kringum 8.mars. Viðtöl voru við formann MFÍK og fleiri til að vekja athygli á fundinum í Ráðhúsinu. Hins vegar hefur gengið misvel að fá birt fundarboð og ályktanir frá félaginu og áfram verðum við að bíta í það súra epla að greinar fá ekki endilega birtingu.

S.l. haust tók Guðríður Sigurbjörnsdóttir við **heimasíðu MFÍK** <http://mfik.is> af Kristjönu Bergsdóttur, sem staðið hefur vaktina undanfarin ár. Við þökkum Kristjönu kærlega fyrir það. Breytingin er hins vegar jákvæð því við sjáum kosti þess að félagi í stjórn sjái um heimasíðuna.

Póstsendingar hafa þó ekki lagst af því ennþá vantar netföng of margra félaga. Á heimasíðunni fridur.is birtast líka fréttir af starfi MFÍK.

Fréttabréf komu út í **september 2007** og **janúar 2008**. Í fréttabréfi september var birt dagskrá til áramóta og í janúarbréfi til vors.

Dagskrár 8.marsfundar og bókmenntakynningar voru sendar í pósti, auk þess fylgdi texti um friðaruppeldi desembersendingunni.

Meðal **ályktana og yfirlýsinga** má nefna:

Sameiginleg yfirlýsing 8.marsfundar. - 8.marsdreifibréf MFÍK: **Mannréttindi – friður – jöfnuður**, afstaða MFÍK í ýmsum málaflokkum í örstuttu máli. – Dreifirit um friðaruppeldi.

Í byrjun júní sendi stjórn MFÍK nýskipuðum utanríkisráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, kort þar sem stjórnin sagðist mundi *fylgjast af áhuga með framlagi Íslands til friðsamlegra lausna í deilumálum á alþjóðavettvangi*.

Greinin **Ógnarmat** birtist sem bréf til blaðsins í Morgunblaðinu undirritað af Maríu f.h. stjórnar MFÍK 20.september 2007. Andsvar við yfirlýsingum utanríkisráðherra um varnarmál. Frumdrög greinarinnar skrifaði Guðrún Hannesdóttur en í landi ritfrelsis fást greinar sem skrifaðar eru af hópi ekki birtar.

Við upphaf hauststarfa birtist viðtal við formann í 24 stundum (20.sept.) Forsíðumynd, kynning á MFÍK og hvatning til kvenna að mæta til leiks.

14.nóvember á 100 ára ártíð Asrid Lindgren var greinin Að lifa í friði, sem Guðríður Sigurbjörnsdóttir skrifaði fyrir MFÍK, eftir langa bið hjá Morgunblaðinu sett í dreifirit og ásamt upplýsingum um skáldkonuna. Því var dreift á opnum félagsfundi 14.nóv. og síðan sett í póst með dagskrá bókmenntakynningar.

Í einu jólablaði 24stunda (16.nóv.) birtist viðtal við Guðríði Sigurbjörnsdóttur um friðaruppeldi undir yfirskriftinni Ofbeldislaus jól – að lifa í friði.

Nýtt kort

Mireya Samper kom á fund stjórnar í nóvember með hugmyndir að korti fyrir MFÍK.

Í framhaldi af því var kort sem kallað er **Friður** prentað í tveimur stærðum. Enn á ný naut MFÍK krafta listakonu, féлага, til stuðnings málstaðnum.

Í framhaldi af því má geta þess að í október leitaði mastersnemi við H.Í. upplýsinga varðandi merki sem hafa verið notuð í MFÍK. María tók saman lista yfir efni síðari ára en vísaði að öðru leyti í gögn félagsins sem geymd eru í Kvennasögusafni.

Krafist tafarlauss afnáms allra kjarnavopna - Undirskriftasöfnun:

Japanskar konur kynntu undirskriftasöfnun í Róm í nóvember 2006 og á bókmenntakynningu í des. sama ár hóf MFÍK söfnun undirskrfta. Félagar fengu send eyðublöð og einnig var safnað undirskriftum á Íraksfundi í Austubæ og á 8.marsfundi. Íslenskar undirskriftir voru afhentar á ráðstefnu ALK í Caracas í apríl. Var þeim síðan komið til ritara Sameinuðu þjóðanna.

Erl. samskipti:

Eins og áður hefur komið fram var Alþjóðleg ráðstefna ALK haldin í Caracas í Venesúela í apríl 2007. Fulltrúar MFÍK voru María S. Gunnarsdóttir, Sigrún Stefánsdóttir, Arna Ösp Magnúsdóttir og Áslaug Einarsdóttir – tvær á besta aldri og tvær ungar voru flottir fulltrúar MFÍK. MFÍK var áfram kosin í stjórn Evrópudeildar en grískar konur eru nýir tengiliðir Evrópudeildar.

Við fulltrúar MFÍK dreifðum kröftum okkur þarna úti en vorum stundum allar saman, eins og á fundum með enskum og grískum konum. Ýmsar öfunduðu okkur af nýliðun í okkar félagi þegar ungu konurnar mættu. Við Sigrún heimsóttum ýmsar stofnanir í Caracas og standa þar upp úr heimsóknir í Kvennabanka og Bókabanka. Þá ferðuðumst við allar svolítið um landið, þær ungu til fjalla en við Sigrún eignuðumst vinkonu sem fór með okkur í ferðalag og komumst við í samband við land og þjóð í gegnum hana.

Guðrún hefur átt í bréfasambandi við Aase Bang hjá SKV í Svíþjóð. María við Sabine Salmon formann Femmes Solidaires í Frakklandi.

Stjórnin vann 250 orða texta um **Vatn fyrir alla**, á ensku, og sendi sem framlag MFÍK til Manifesto Evrópudeildar ALK. Á fundi í Róm í nóvember 2006 sem Guðrún Hannesdóttir og María S. Gunnarsdóttir sóttu var ákveðið að semja Manifesto sem gæti e.t.v. orðið uppspretta að frekara samstarfi innan starfandi evrópufélaga en ennþá hefur ekki orðið neitt framhald.

Í framhaldi af undirskriftasöfnun gegn kjarnavopnum höfum við átt í nokkrum bréfaskriftum við **japanskar konur í Fudanren**. Því miður gat ég ekki þegið boð þeirra um að koma til Japan í ágúst s.l. til að taka þátt í ráðstefnu andstæðinga kjarnavopna en kannski gefst tækifæri til þess síðar.

Fulltrúar **Peace Boat** höfðu samband við MFÍK og komu þrjár konur á fund stjórnar í september. Ekki hefur heyrst frá þeim síðan, utan áramótakveðjur, svo óvíst er um frekari samskipti. Þeim þótti MFÍK mikil grasrót og létu það í ljósi þegar starf MFÍK var kynnt yfir veisluborði að hætti stjórnar.

Stjórnin ákvað að skrá MFÍK í samtök sem nefnast **Europe for peace** stefna að kjarnorkuvopnalausri Evrópu. Tilgangurinn er m.a. að gera félagið sýnilegt og að opna á hugsanlegt samstarf við aðrar friðarhreyfingar.

Stjórnarkjör:

Frá síðasta aðalfundi, þ. 14. febrúar 2007 sátu í stjórn:

María S. Gunnarsdóttir, formaður

Bergþóra Gísladóttir, varaformaður

Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, gjaldkeri

Ragnhildur Kjeld, ritari

Guðríður Sigurbjörnsdóttir, erlendur bréfritari

Guðrún Hannesdóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Arna Ösp Magnúsardóttir, meðstjórnendur,

Helga Pálsdóttir og Magnea Björk Valdimarsdóttir, varamenn.

Þetta eru einni konu fleira en lög félagsins segja til um – sem segir sitt um félagsandann.

Arna Ösp Magnúsardóttir hefur beðið um að losna úr stjórn í bili en Harpa Stefánsdóttir hefur lýst yfir áhuga á að taka sæti hennar.

Ég þakka meðstjórnendum mínum fyrir afar ánægjulegt samstarf. Við áttum margar góðar stundir saman við vinnu í þágu félagsins eins og sést af þessari skýrslu.

Samkvæmt lögum félagsins á að kjósa formann og varaformann sérstaklega og eru þær kosnar sitt hvort árið og sitja tvö ár í senn.

Í ár er það formaðurinn: Ég hef gegnt formennsku s.l. 8 ár og væri fús að víkja en fyrir orð félaga minna í stjórn gef ég kost á mér enn á ný.

Hvað er framundan?

Verkefni eru næg.

Friðarhorfur í heiminum eru minni en við vildum.

Kjarnorkuveldin fækka ekki vopnum, heldur verja auknum fjármunum til nýrra.

Orðið friður hefur kannski heyrst oftar í umræðu á Íslandi s.l. ár en stundum áður.

Í kringum friðarsúlu og frægt fólk og þegar fv. borgarstjóri Reykjavíkurborgar tilkynnti stofnun friðarstofnunar. Það er af hinu góða að minnt sé á frið sem oftast en þetta hefur í engu breytt starfi MFÍK, elstu starfandi friðarhreyfingar á Íslandi.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp ríkistjórnar um varnarmál. Þar er fjallað um ýmis stefnumál okkar friðarsinna: aðstöðu erlendra hesveita, heræfingar hér á landi o. fl.

Sjaldan hefur klisjan um að Ísland sé herlaust land hljómað jafn oft en á sama tíma horfa ýmsir til landsins um möguleika til prufa hernaðartól sín. Það er rétt að hér er ekki íslenskt herlið en landið hefur of oft verið notað til heræfinga og engin breyting hefur orðið á virkri þátttöku Íslands í hernaðarbandalaginu NATO. Það er brýnt að MFÍK-félagar og allir friðarsinnar kynni sér frumvarpið og taki þátt í umræðunni.

Oft er spurt hvort kynna mætti samtökin betur og hvernig orða skuli kjarnan í stefnu og starfi. Starfandi stjórn er sammála um að kjarni MFÍK sé **FRÍÐUR**.

Betri heimur er mögulegur – og við ætlum að taka þátt í að skapa hann!

Skráð í janúar 2008

María S. Gunnarsdóttir.